

66
10. ágúst

GJALDSKRÁ
fyrir
rafveitu í Stykkishólmi.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa skal fyrst um sinn vera kr. 1,50 fyrir kílówattstund.

Verð þetta breytist í hlutfalli við það, sem stöðin ber sig, og eftir því, sem rafveitunefndin ákveður í hvert skifti.

2. gr.

Rafmagnið greiðist mánaðarlega, og fellur mánaðargjaldið í gjalddaga síðasta dag hvers mánaðar. Sje gjaldið eigi greitt innan 5 daga eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda eftir skriflegri tilkynningu til hans eða húseiganda. Húseigandi ber ábyrgð á, að gjaldið sje greitt í tæka tíð.

Gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Stykkishólmshepps hefir samíð og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. september 1928, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.